

Forsætisnefnd

Breytingar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórna

Á fundi borgarstjórnar þann 7. nóvember 2017 var samþykkt breyting á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013. Fyrri umræða fór fram á fundi borgarstjórnar þann 17. október sl.

Breytingin er þessi:

Í 50. gr. *Forsætisnefnd* dettur út 5. tl. Hefur umsjón með starfsemi umboðsmanns borgarbúa.

Sjá nánar í hjálögðu skjali.

Breytingarnar eru hér með sendar ráðherra til staðfestingar.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:
Breytingar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar
Samrit:
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Breyting á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013

50. gr.
Forsætisnefnd.

Forseti og varaforsetar borgarstjórnar skipa forsætisnefnd og stýrir forseti starfi nefndarinnar.

Nú á framboðslisti sem fær kjörinn fulltrúa í borgarstjórn ekki fulltrúa í forsætisnefnd skv. 1. málsl. og skal hann þá tilnefna borgarfulltrúa úr sínum röðum sem áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd með málfrelsi og tillögurétt.

Forsætisnefnd heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Forseti borgarstjórnar boðar til funda forsætisnefndar og ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra nefndarinnar.

Verkefni forsætisnefndar eru sem hér segir:

1. Skipuleggur starf borgarstjórnar.
2. Hefur umsjón með alþjóðasamstarfi borgarstjórnar.
3. Fjallar um tillögur að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og samþykktum fyrir einstakar nefndir.
4. Fjallar um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem til hennar er vísað.
5. Hefur umsjón með starfsemi umboðsmanns borgarbúa
6. Setur reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, sbr. einnig IV. kafla.
7. Ákveður móttökur á vegum borgarinnar.
8. Fjallar um önnur þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða aðrir nefndarmenn, áheyrnarfulltrúar eða skrifstofustjóri borgarstjórnar óskar að ræða.

Skrifstofa borgarstjórnar annast umsýslu fyrir forsætisnefnd, þ.m.t. ritun fundargerða og er skrifstofustjóri borgarstjórnar framkvæmdastjóri forsætisnefndar.

50. gr. samþykktarinnar breytist þannig að 5. tl. dettur út og orðast nú svo:

50. gr.
Forsætisnefnd.

Forseti og varaforsetar borgarstjórnar skipa forsætisnefnd og stýrir forseti starfi nefndarinnar.

Nú á framboðslisti sem fær kjörinn fulltrúa í borgarstjórn ekki fulltrúa í forsætisnefnd skv. 1. málsl. og skal hann þá tilnefna borgarfulltrúa úr sínum röðum sem áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd með málfrelsi og tillögurétt.

Forsætisnefnd heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Forseti borgarstjórnar boðar til funda forsætisnefndar og ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra nefndarinnar.

Verkefni forsætisnefndar eru sem hér segir:

1. Skipuleggur starf borgarstjórnar.
2. Hefur umsjón með alþjóðasamstarfi borgarstjórnar.
3. Fjallar um tillögur að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og samþykktum fyrir einstakar nefndir.
4. Fjallar um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem til hennar er vísað.
5. Setur reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, sbr. einnig IV. kafla.
6. Ákveður móttökur á vegum borgarinnar.
7. Fjallar um önnur þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða aðrir nefndarmenn, áheyrnarfulltrúar eða skrifstofustjóri borgarstjórnar óskar að ræða.

Skrifstofa borgarstjórnar annast umsýslu fyrir forsætisnefnd, þ.m.t. ritun fundargerða og er skrifstofustjóri borgarstjórnar framkvæmdastjóri forsætisnefndar.

Málsnr: 217100263
Skjalasafn Ráðhúss
23. nóv. 2017
Bréfalv. 100



Reykjavíkurborg
Helga Björk Laxdal
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ


Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 21. nóvember 2017
Tilv.: SRN17110028/4.10.1

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum, sbr. erindi yðar dags. 10. nóvember 2017. Samþykktin hefur verið send til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Þá er vakin athygli á að reikningur vegna birtingar samþykktarinnar í B-deild Stjórnartíðinda verður sendur Reykjavíkurborg frá Fjársýslu ríkisins þar sem milligöngu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um greiðslu reikninga vegna birtinga hefur verið hætt.

Fyrir hönd ráðherra


Hermann Sæmundsson


Stefanía Traustadóttir

Fylgiskj.: Staðfest samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar dags. 21. nóvember 2017.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum

1. gr.

5. tölul. 50. gr. samþykktarinnar fellur brott og orðast greinin nú svo:

Forseti og varaforsetar borgarstjórnar skipa forsætisnefnd og stýrir forseti starfi nefndarinnar. Nú á framboðslisti sem fær kjörinn fulltrúa í borgarstjórn ekki fulltrúa í forsætisnefnd skv. 1. málsl. og skal hann þá tilnefna borgarfulltrúa úr sínum röðum sem áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd með málfrelsi og tillögurétt.

Forsætisnefnd heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Forseti borgarstjórnar boðar til funda forsætisnefndar og ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra nefndarinnar.

Verkefni forsætisnefndar eru sem hér segir:

1. Skipuleggur starf borgarstjórnar.
2. Hefur umsjón með alþjóðasamstarfi borgarstjórnar.
3. Fjallar um tillögur að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og samþykktum fyrir einstakar nefndir.
4. Fjallar um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem til hennar er vísað.
5. Setur reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, sbr. einnig IV. kafla.
6. Ákveður móttökur á vegum borgarinnar.
7. Fjallar um önnur þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða aðrir nefndarmenn, áheyrnarfulltrúar eða skrifstofustjóri borgarstjórnar óskar að ræða.


Skrifstofa borgarstjórnar annast umsýslu fyrir forsætisnefnd, þ.m.t. ritun fundargerða og er skrifstofustjóri borgarstjórnar framkvæmdastjóri forsætisnefndar.

2. gr.


Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 21. nóvember 2017.

F. h. samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra,



Hermann Sæmundsson



Stefanía Traustadóttir

Stefanía Traustadóttir